



Reykjavík, 14. september 2018

SFS2018040048

144. fundur

HG/fbj

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Þýðingar á upplýsingum um skóla- og frístundastarf fyrir foreldra með annað móðurmál en íslensku

Í september 2016 voru lagðar fram tillögur í skóla- og frístundaráði varðandi þýðingar á upplýsingum til foreldra með annað móðurmál en íslensku. Þegar farið var að skoða málin í heild fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundastarf kom í ljós að talsvert mikið var til af upplýsingum sem kennarar og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi var ekki meðvitað um, oft upplýsingar sem þeim aðilum þótti vanta að þýða. Þá kom líka í ljós að aðgengi foreldra að upplýsingum um starfsemi skóla- og frístundastarfs var ekki alltaf gott og tengist það mögulega aðgengi að upplýsingum á erlendum tungumálum um þjónustu borgarinnar í heild sinni, ekki síst þar sem þarf að lesa sig í gegnum margar blaðsíður á íslensku áður en hægt er að finna réttar upplýsingar. Hér fyrir neðan verður greint frá því helsta sem hefur verið gert varðandi bættu upplýsingagjöf til foreldra um skóla- og frístundamál.

- Fjölmenningatrymi fór yfir þær upplýsingar sem voru til, flokkaði þær og gerði aðgengilegar fyrir stjórnendur, kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi til að miðla til foreldra. Allar þessar upplýsingar eru nú á einum stað á innri vef borgarinnar <https://innri.reykjavik.is/skola-og-fristundasvid/fjolmenning>
- Fulltrúar fjölmenningatrymis komu inn á stjórnendafundi leikskólastjóra, grunnskólustjóra og forstöðumanna í frístundastarfi þar sem farið var yfir allar upplýsingar á erlendum tungumálum sem hægt er að nýta í samskiptum við foreldra sem ekki tala íslensku.
- Kallaðir voru saman fulltrúar í rýnihóp kennara/stjórnenda til að skoða hvaða upplýsingar væru til og hvað vantaði. Ákveðið var að fara yfir þýðingar á erlendum tungumálum í hópumræðum á fjölmenningsþingi Reykjavíkur 2017 en þar sem ekki voru nægilega margir foreldrar í hópnum né heldur íbúar í borginni skilaði sú vinna sér takmarkað.
- Vinna við að fjölga upplýsingum á erlendum tungumálum hófst strax en er hvergi nærri lokið auk þess sem ekki eru allir á eitt sáttir um það hvaða upplýsingar á að þýða og hvaða upplýsingar ekki.
- Ljóst var að bæta þurfti upplýsingar um grunnskólastarf í borginni og voru útbúnir bæklingar á sjö tungumálum með helstu upplýsingum. Þeir bæklingar voru gerðir aðgengilegir á gátt á heimasíðum grunnskóla sjá t.d. [heimasíðu Langholtsskóla](#).
- Fjármagn til túlkabjónustu fyrir grunnskóla og frístundastarf var aukið og sett í miðlægan pott sem tryggir að grunnskólar fá nú bættan kostnað vegna túlkabjónustu en áður þurfti að greiða kostnað af úthlutun vegna íslenskukennslu.
- Brúarsmiðir voru ráðnir til Miðju máls og læsis haustið 2017. Meðal verkefna þeirra er að veita ráðgjöf og upplýsingar til foreldra barna af erlendum uppruna og nýta þeir m.a. upplýsingar sem

þegar eru til á erlendum tungumálum. Þá hafa brúarsmiðir farið yfir upplýsingar á pólsku, filippeysku og arabísku, gert athugasemdir og lagfæringar.

- Fulltrúar fjölmenningatrymismis heimsóttu flesta grunnskóla veturinn 2017-2018 þar sem m.a. var farið yfir það efni sem til er á erlendum tungumálum og samantekt á tenglum var send kennurum.
- Veturinn 2017-2018 stóð SAMFOK í samstarfi við Móðurmálssamtökin, fjölmenningatrymismis SFS og fleiri aðila fyrir upplýsingafundunum Allir með, tölum saman um skólamenningu á Íslandi. Útbúnir voru upplýsingapakkar fyrir foreldra á 10 tungumálum og fóru fundirnir fram á þessum tungumálum. Allar upplýsingar um fundina og upptökur frá þeim er hægt að nálgast á heimasíðu SAMFOK www.samfok.is. Fundirnir voru kynntir sérstaklega fyrir stjórnendum í skóla- og frístundastarfi og óskað eftir því að þeir sendu upplýsingar á viðeigandi tungumálum til foreldra. Í lok hvers fundar fóru fram umræður á viðkomandi tungumáli á milli foreldra þar sem viðhorf þeirra, reynsla og sýn á skólastarf var rædd. Skóla- og frístundasvið mun fá aðgengi að þessum upplýsingum og nýta í þróun á fjölmenningarlegu skóla- og frístundastarfi.
- Fjölmenningatrymismis vinnur nú að gerð myndbands um íslenskt skólakerfi á nokkrum tungumálum í samstarfi við SAMFOK
- Búið er að endurvinnna fjölmenningarvef leikskóla www.allirmed.is og þar er búið að opna gátt fyrir allar upplýsingar á erlendum tungumálum sem leikskólar geta nýtt fyrir foreldra <https://reykjavik.is/allir-med/samstarf-vid-foreldra>.
- Opnaður var vefurinn Tungumál er gjöf en þar eru upplýsingar til foreldra um málörvun og íslensku sem annað mál auk þess sem þar er að finna stuttmynd um mikilvægi samstarfs heimilis og skóla um mál og læsi.
- Fjölmenningatrymismis hefur fundað með upplýsingafulltrúa skóla- og frístundasviðs til þess að skipta verkum varðandi utanumhald um þýðingar, aðgengi að upplýsingum og umsjón með miðlægum gáttum á heimasíðum skóla og frístundastarfs.

Við þetta má bæta að auknar tækniframfarir gera samskipti og upplýsingagjöf sífellt auðveldari þvert á tungumál og því mikilvægt að til viðbótar við að láta þýða og koma upplýsingum á framfæri á erlendum tungumálum þurfa þeir sem þjónusta, mennta eða starfa með þeim sem ekki tala íslensku að efla með sér aukna færni í að nýta tæknina. Sem dæmi um það hvernig Reykjavíkurborg nýtir aukna tækni í samskiptum er að flestir vefir borgarinnar s.s. eins og Foreldravefurinn, heimasíða SFS og fjölmenningarvefur leikskóla www.allirmed.is hafa möguleikann á því að þegar þeir eru lesnir er hægt að velja tungumál til lestursins. Þá geta skólar nýtt sér Velkomin vefinn þar sem búið er að taka saman upplýsingar um helstu viðfangsefni í samskiptum foreldra og skóla á fimm tungumálum auk þess sem hægt er að fara beint inn á *google-translate*. Smáforritið *Google-translate* tekur stöðugum framförum og nú er hægt að nýta það bæði til að þýða skrifaðan texta, talað mál, afrita texta sem tekin er með ljósmynd o.s.frv. Á smiðjum fyrir kennara um tæknimál í skólastarfi og samstarf við foreldra er m.a. farið yfir þessar lausnir þó að þær séu að sjálfsögðu ekki tæmandi.

Eins og kemur fram í tillögunni er réttilega bent á að hluti af upplýsingagjöfinni ætti að vera á höndum opinberra aðila utan sveitarfélaga s.s. eins og frá Fjölmenningarsetri, Menntamálastofnun, Landlækni og víðar. Hluta af þeim upplýsingum er komið á framfæri hjá Fjölmenningarsetri meðal annars í bæklingnum *Fyrstu skrefin á Íslandi* <http://www.mcc.is/tulkun-og-upplysingar/fyrstu-skrefin-upplysingabæklingur/>. Það má hinsvegar benda á að enn hefur ekki verið markvisst unnið að upplýsingagjöf með einfaldri gátt fyrir íbúa landsins með annað móðurmál en íslensku og því oft erfitt að finna upplýsingar sem dreifast víða. Þetta er því viðvarandi verkefni að bæta upplýsingagjöf og gera hana aðgengilega fyrir nýja Íslendinga sem ekki enn hafa náð tökum á íslensku. Sem lið í að kanna hvernig stofnanir í landinu stæðu að upplýsingagjöf á erlendum tungumálum setti Umboðsmaður Alþingis af stað könnun að eigin frumkvæði til að skoða hvort tilefni sé til úrbóta á þessu sviði. Skóla- og frístundasvið vann skýrslu um upplýsingagjöf á sviðinu sem send var umboðsmanni á vormánuðum sem er hér meðfylgjandi.



Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

Efni: Upplýsingagjöf og leiðbeiningar til einstaklinga sem ekki eru mæltir á íslenska tungu

Skóla- og frístundasvið (SFS) fagnar því frumkvæði sem umboðsmaður Alþingis sýnir með því að kalla eftir svörum um það hvernig staðið er að upplýsingagjöf til þeirra sem ekki eru mæltir á íslenska tungu. Hér á eftir er leitast við að svara þeim fyrirspurnum sem óskað er svara við.

Upplýst er um að skrifstofa skóla- og frístundasviðs leysir aðeins að takmörkuðu leyti úr einstökum málum er varða borgarana þegar kemur að þjónustu leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða hvað varðar aðra starfsemi sviðsins. Einstakir starfsstaðir SFS eru auk þess í samskiptum við aðila og taka ákvarðanir vegna mála sem snúa að þjónustuþegum og starfsmönnum starfsstaða en á skrifstofu skóla- og frístundasviðs eru þó teknar margvíslegar stjórnvaldsákvarðanir sem varða réttindi einstaklinga, t.d. vegna ráðninga/starfsmannamála, innheimtu, innritunar í leikskóla o.fl. Um nánari útlistun á margvíslegu hlutverki skrifstofu skóla- og frístundasviðs er vísað til þess sem fram kemur hér að neðan.

1.

Hlutverk SFS er að veita börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og stuðla að samfellu í öllu starfi sem hefur velferð allra barna að leiðarljósi. Sú breyting sem umboðsmaður bendir á í fyrirspurn sinni að orðið hafi á íslensku samfélagi varðandi íbúasamsetningu er starfsfólki SFS vel kunn. Leitast hefur verið við því að bregðast við þeim breytingum jafnt og þétt í gegnum árin þó að stöðugt þurfi að gera betur. Á skrifstofu SFS er starfandi fjölmenningatrymi sem sinnir stuðningi, fræðslu og ráðgjöf við starfsstaði borgarinnar vegna málefna sem tengjast börnum og fjölskyldum af erlendum uppruna. Þá hefur skóla- og frístundaráð gert fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf að umbótaþætti í starfi sviðsins síðustu 3 árin en í tengslum við það hefur fjármagn til málaflokksins verið aukið verulega m.a. til túlkajónustu, foreldrasamstarfs (s.s. þýðing á erlendum tungumálum) og til að efla íslensku sem annað mál. Þá hefur SFS átt í formlegu gagnvirkum samstarfi við Móðurmál – samtök um tvítyngi¹ sem kenna um 1000 börnum í kringum 25 tungumál í húsnæði sviðsins alla laugardaga. Sá vettvangur hefur verið nýttur til að koma upplýsingum á erlendum tungumálum til foreldra auk þess sem formaður og varaformaður samtakanna deila nú skrifstofuhúsnæði með formanni SAMFOK² að frumkvæði SFS. Í vetur hafa þessi foreldrasamtök í samstarfi við SFS og fleiri aðila staðið að fræðslufundaröðinni Allir með – tölum saman um skólamenningu á Íslandi³ sem samanstendur af 10 fundum á jafnmörgum tungumálum um málefni skólaforeldra, grunnskóla og frístundastarfsins. Fundirnir eru allir teknir upp og vistaðir á heimasíðu SAMFOK.


Um fjölbreyttan hóp barna og foreldra af erlendum uppruna er að ræða þar sem börnin í skólum borgarinnar eru af minnst 97 þjóðernum og tala yfir 70 tungumál. Rúmlega 3500 börn með annað móðurmál en íslensku eru í leik- og grunnskólum borgarinnar en pólskumælandi börn og fjölskyldur

¹ <http://www.modurmál.com/>


² <http://samfok.is/>

³ <http://samfok.is/verkefni-samfok/allir-med-2>

telja stærsta einstaka hópinn, sjá nánar myndir hér fyrir neðan og upplýsingar á fylgiskjöllum 16-17 í stefnu og starfsáætlun SFS.⁴



Mynd 1. Fjöldi leikskólabarna af erlendum uppruna eftir móðurmáli 2016 (6 og fleiri)



Mynd 2. Fjöldi nemenda með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eftir móðurmáli 2016 (7 og fleiri)

Starfsemi SFS er flókin og umfangsmikil þar sem hluti starfseminnar er lögbundinn á meðan aðrir hlutar hennar eru það ekki þrátt fyrir að tengjast markmiðum borgaryfirvalda um nám og frístundir barna og fullorðinna. Meginþungi starfsins tengist rekstri leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva en undir SFS heyrir eftirfarandi starfsemi:

- 64 leikskólar með um 6000 börn. Auk þess eru um 17 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum og um 700 börn dvelja að jafnaði hjá dagforeldrum.
- 39 grunnskólar með 14.000 nemendur auk 7 sjálfstætt starfandi grunnskóla með rúmlega 600 nemendum
- 5 frístundamiðstöðvar
 - 39 frístundaheimili fyrir um 4100 börn 6-9 ára
 - 24 félagsmiðstöðvar
- 4 skólahljómsveitir fyrir um 450 nemendur
- Námsflokkar Reykjavíkur
- Um 2500 nemendur sem greitt er með í 20 tónlistarskólum

Starfsstaðir SFS eru því hátt í 200 auk skrifstofu sviðsins sem er staðsett í Borgartúni 12-14 og Miðju máls og læsis (MML) sem sinnir ráðgjöf og þjónustu við starfsstöðvar SFS í tengslum við máltöku, læsi og lesskilning íslenskumælandi barna og barna með annað móðurmál en íslensku. Í tungumálaveri Laugalækjaskóla⁵ fer fram fjarkennsla í pólsku, norsku og sænsku auk þess sem foreldrar geta leitað eftir ráðgjöf og upplýsingum. Þá er vikulega veitt ráðgjöf í síma, tölvupósti eða á staðnum til foreldra af erlendum uppruna frá ráðgjöfum MML á ensku, pólsku, spænsku, filippseysku og íslensku. Hjá MML starfa fjöltyngdir brúarsmiðir en hlutverk þeirra er að styðja við starfsstöðvar, börn og foreldra sem eiga íslensku sem annað mál. Sjá nánar vefsíður MML⁶ og upplýsingar um rRáðgjöf fyrir foreldra vegna

⁴ http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/starfsaaetlun_sfs_2017_m_fskj._26.4.pdf

⁵ http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/starfsaaetlun_sfs_2017_m_fskj._26.4.pdf

⁶ <http://mml.reykjavik.is/um-mml/> og <https://www.facebook.com/Midjamalsoglaesis/>

skóla- og frístundastarfs (fylgiskjal 1). Þá var tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að sameina rekstur MML og tungumálavers sviðsins verið samþykkt, hinn 14. febrúar sl. í skóla- og frístundaráði og hinn 22. febrúar sl. í borgarráði. Starfsemin kemur til með að felast í ráðgjöf við læsi og málþroska í skóla- og frístundastarfi, þjónustu brúarsmiða en að auki kennslu og kennsluráðgjöf í norsku, sænsku og pólsku vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga í norsku og sænsku í stað- og fjarnámi. MML verði í samstarfi við Pólska skólann og samtökin Móðurmál vegna móðurmálskennslu.

Á skrifstofu SFS er veitt ráðgjöf og þjónusta er varðar fjármál, rekstur, fagleg málefni, úrvinnslu tölfraðilegra gagna, lögfræðiþjónusta og fleira auk þess sem teknar eru e.a. stjórnvaldsákvarðanir í málum sem þar eru til meðferðar. Foreldrar geta leitað beint til skrifstofu SFS telji þeir á sér brotið eða þjónustu ábótavant. Annað hvert ár er send viðhorfskönnun til allra foreldra barna í leik- og grunnskóla. Viðhorfskönnunin er send út á ensku og pólsku.

Með auknum fjölda barna og foreldra sem ekki eiga íslensku að móðurmáli eykst mikilvægi þess að standa vel að upplýsingagjöf og leggur SFS ríka áherslu á að starfsstaðir nýti allar mögulegar leiðir til að eiga samskipti við foreldra sem ekki deila sama tungumáli. Í því sambandi er byggt á lögum um leik og grunnskóla en í grunnskólalögunum nr. 91 frá 2008 segir í 16. gr. að foreldrum með annað móðurmál en íslensku skuli greint frá rétti þeirra til tálkaþjónustu og skal skólinn tryggja nemendum og foreldrum ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarfið. Í lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008 segir í 9. gr. að eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku skuli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla. Leitast er við að þýða sem flestar upplýsingar um skóla- og frístundastarf að lágmarki á ensku og pólsku auk þess sem reynt er að fjölga tungumálum til þýðingar þegar hægt er að koma því við.

Í stefnu Reykjavíkurborgar um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf *Heimurinn er hér*⁷ segir:

Starfsfólk SFS leggi sig fram um að kynnast hverju barni og fjölskyldu þess svo byggja megi nám, leik og frístundir barnsins á fyrri reynslu þess og þekkingu. Starfsfólk SFS eigi frumkvæði að samstarfi við foreldra og þrói lausnamiðaðar og sveigjanlegar leiðir til að koma í veg fyrir að ólík sýn, menning og reynsla verði hindrun í samstarfi (bls.7).

Í stefnunni eru starfsstaðir hvattir til að nýta tálkaþjónustu í samskiptum við foreldra og er þeim tryggt fjármagn til þess en það fjármagn hefur verið aukið talsvert á liðnum árum. Innkaupadeild Reykjavíkurborgar tekur saman upplýsingar um kostnað vegna tálkaþjónustu ár hvert. SFS hefur kallað eftir þessum upplýsingum frá innkaupadeild til að hafa eftirlit með nýtingu fjármagns í skólum vegna tálkaþjónustu. Þá hafa verið sendar kannanir til stjórnenda í leik- og grunnskólum þar sem spurt er um notkun túlka og upplýsingagjöf til foreldra. Í fjölmenningarstefnunni er jafnframt lögð áhersla á að nýttar séu fjölbreyttar leiðir í samskiptum við foreldra og gerðir samningar um samskipti auk þess sem bent er á fleiri leiðir til að tryggja gott samstarf við foreldra sjá bls. 19 og 25 í Heimurinn er hér. Stefna um túlka- og þýðingapjónustu var samþykkt af borgarráði Reykjavíkur árið 2017 en í skýrslu starfshóps um túlka- og þýðingapjónustu Reykjavíkurborgar⁸ bls. 22 er að finna yfirlit yfir kostnað sviða borgarinnar vegna túlka- og þýðingapjónustu síðastliðin ár. Þar má einnig lesa leiðbeiningar fyrir starfsfólk borgarinnar um notkun túlka bls. 9- 16 en í vinnslu er handbók með leiðbeiningunum.

Móttökuáætlanir og leiðbeiningar um móttöku barna með annað móðurmál og samstarf við foreldra hafa verið unnar fyrir leikskóla⁹, grunnskóla¹⁰ og frístundastarf.¹¹ Starfsfólk og kennarar SFS er í öllum þessum gögnum hvatt til þess að undirbúa vel móttöku barna og foreldra sem ekki tala íslensku með því að vera búin að panta túlk fyrir móttökuvíðtal, hafa til taks öll nauðsynleg gögn á tungumáli

⁷ https://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna_oppsett.pdf

⁸ https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/tulka_thydingathjonusta.pdf

⁹ <https://reykjavik.is/allir-med/leikskolabyrjun>

¹⁰ <https://reykjavik.is/mottokuaetlun-vegna-barna-med-islensku-sem-annad-tungumal>

¹¹ https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/Handbo_k_me_kraekjum.pdf

barna/foreldra ef kostur er, nýta myndir eða orðalista¹² til að sýna hvað barnið þarf að hafa með sér eða nýta samskiptaverkfæri eins og Velkomin vefinn.¹³

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. janúar sl. var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Skóla- og frístundaráð leggur til að stuðningur verði aukinn við skóla- og frístundamiðstöðvar vegna móttöku og aðlögunar barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Settur verður á fót starfshópur um bætt verklag við móttöku þessara barna með hliðsjón af fyrirmyndum í nágrannalöndum okkar. Sérstaklega verði hugað að því hvernig styðja megi við skóla- og frístundabyrjun barna úr hópi flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd þar sem skólaganga hefur verið rofin eða takmörkuð og þar sem börn glíma við áfallastreitu, kvíða eða vanlíðan.

Skýrsla starfshóps um túlka og þýðingarþjónustu frá febrúar 2017¹⁴ var samþykkt í borgarráði þann 1. júní 2017. Á bls. 7 í skýrslunni kemur m.a. fram að það sé stefna borgarinnar að kalla til túlk og tryggja að réttar upplýsingar komist til skila þegar borgarþúar deila ekki sama tungumáli og starfsfólk borgarinnar og tryggja að starfsfólk hafi þekkingu og færni til að nota túlka - og þýðingarþjónustu. Þá segir á bls. 9 að í sumum tilfellum telji einstaklingar sig ekki þurfa á túlki að halda en eðli þess efnis sem þarf að miðla til viðkomandi felur í sér flókinn orðaforða á íslensku. Mikilvægt sé að útskýra þetta og mæla með því að fenginn sé túlkur til að tryggja að upplýsingar komist réttar til skila.

Reykjavíkurborg hefur gert rammasamninga um túlka- og þýðingarþjónustu. Samningar eru opnir sem stendur en útboð fer fram mjög fljótlega.

Upplýsingar um innritun í grunnskóla eru sendar heim til allra barna í borginni sem verða 6 ára á árinu bæði á íslensku og ensku (fylgiskjal 2). Þar er jafnframt vísað á foreldravefinn þar sem hægt er að fá nánari upplýsingar á nokkrum tungumálum <http://reykjavik.is/foreldravefurinn/ad-byrja-i-grunnskola-og-fristundaheimili>. Þá fá allir leikskólar sent bréf með upplýsingum um innritun í grunnskóla og frístundaheimili á íslensku, ensku og pólsku og eru leikskólastjórar beðnir um að leiðbeina foreldrum af erlendum uppruna varðandi innritun í grunnskóla og uppsögn á leikskóladvöl.

2.

Á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, heimasíðum starfsstöðva SFS, Fjölmenningsarvef leikskóla, Foreldravefnum og víðar eru til fjölbreyttar upplýsingar á allt að 13 tungumálum ætlaðar foreldrum með annað móðurmál en íslensku. Hér fyrir neðan er farið yfir helstu upplýsingar sem sviðið hefur látið þýða fyrir foreldra.

Eftirfarandi upplýsingar eru til á fjölbreyttum tungumálum fyrir foreldra barna í grunnskólum og frístundastarfi:

Upplýsingar um grunnskóla í Reykjavík og skólaskyldu á Íslandi: <http://reykjavik.is/info-about-compulsory-school-various-languages>

Upplýsingar á foreldravefnum er hægt að þýða á fjölmörg tungumál: <http://reykjavik.is/foreldravefurinn/ad-byrja-i-grunnskola-og-fristundaheimili>

Ýmis skilaboð frá grunnskólum, þ.m.t. höfuðlús, frídagar, útivistarreglur, beiðni um leyfi, jólafrí ofl: <http://reykjavik.is/skilabod-fra-skola-0>

¹² <https://reykjavik.is/ordalistar-eydublod-og-fleira-hagnytt>

¹³ <http://tungumalatorg.is/velkomin/>

¹⁴ https://reykjavik.is/sites/default/files/tulka_thydingathjonusta.pdf

Upplýsingar um mikilvægi frístundastarfsins á 9 tungumálum: <http://reykjavik.is/baeklingar-9-tungumalum-um-mikilvaegi-fristundastarfs>.

Upplýsingar um frístundaheimili <http://reykjavik.is/node/9792>

Upplýsingar um frístundakortið <http://reykjavik.is/thjonusta/fristundakortid> Bréf til foreldra vegna opunar á ráðstöfun frístundakortsins eru send á íslensku, ensku og pólsku.

Skóli án aðgreiningar: <http://reykjavik.is/node/9810>

Skilaboðaskjóðan ýmis skilaboð til foreldra: <https://austurbaejarskoli.is/index.php/skilabodhaskjodha>

Útivistarreglur <https://barn.is/spurt-er/utivistartimi/>

Eftirfarandi upplýsingar eru til á fjölmörgum tungumálum fyrir foreldra barna á leikskólaaldri:

Á heimasíðum leikskóla borgarinnar er INFO flipi þar sem búið er að safna saman upplýsingum um leikskólastarf¹⁵, samstarf við foreldra,¹⁶ málþroska,¹⁷ orðalista,¹⁸ spurningar og svör fyrir fjöltyngdar fjölskyldur,¹⁹ hvernig klæða á barn í vetrarkulda²⁰ o.m.fl. á allt að 13 tungumálum. Efnið er flokkað eftir tungumálum. Sjá t.d.

- <http://midborg.leikskolar.is/>

Á heimasíðu SFS er að finna skilaboðabanka á milli leikskóla og foreldra með upplýsingum um foreldrafundi, vettvangsferðir, ofnæmi, lús o.mfl. og orðalista með helstu orðunum í leikskólanum á 10 tungumálum

- <http://reykjavik.is/skilabod-fra-leikskola>
- <http://reykjavik.is/ordalistar-eydublod-og-fleira-hagnytt>

Á fjölmennningarvefnum Allir með²¹ er að finna upplýsingar á erlendum tungumálum sem starfsfólk getur deilt til foreldra. Þar eru einnig leiðbeiningar til fagfólks um samskipti við foreldra sem ekki deila sameiginlegu tungumáli og tillögur að myndrænum samskiptabókum til að efla samskipti við foreldra²² og leiðbeiningar til foreldra varðandi mikilvægi móðurmálsins.²³ Þrátt fyrir að vefurinn sé fyrst og fremst ætlaður leikskólastarfsfólki er hægt að velja tungumál til lestrar.

Upplýsingar á foreldravefnum um leikskólamál er hægt að þýða á nokkur tungumál með því að velja tungumál, sjá vefinn <http://reykjavik.is/foreldravefurinn/leikskolar> og um dagforeldra á vefnum <http://reykjavik.is/foreldravefurinn/dagforeldrar>

Fjölmenningarteymi SFS leggur sig fram um að veita kennurum og starfsfólki í skóla og frístundastarfi ráðgjöf og fræðslu um fjölmenningarmál eins og áður hefur komið fram. Liður í slíkri fræðslu og ráðgjöf er að kynna fyrir starfsstöðum með reglulegu millibili hvar upplýsingar er að finna og með hvaða hætti

Information

- Íslenska - Icelandic
- English - Enska
- Polski - Pólska
- Español - Spænska
- Русский - Rússneska
- বাংলা - Tælenska
- Việt - Vítamska
- Filipino - Filippseyska
- Shqiptar - Albanska
- Српски / Сръпски - Serbneska
- العربية - Arabíska
- Lietuvių - Litháíska
- Português - Portúgalska

¹⁵ https://reykjavik.is/sites/default/files/svid_skjol/SFS/baeklingar/fjolmenning/enskur.pdf

¹⁶ https://reykjavik.is/sites/default/files/svid_skjol/SFS/baeklingar/fjolmenning/Islenka_enska.pdf

¹⁷ <http://www.aarhus.dk/815A9857-8419-4691-B0EA-C62126ADF923/FinalDownload/DownloadId-17D3F445D3023C909C026940A5CEF0AF/815A9857-8419-4691-B0EA-C62126ADF923/~media/Dokumenter/MBU/VI/Pjecer/Faelles-ansvar/0-3-aar/Faelles-ansvar---Engelsk.pdf>

¹⁸ <https://reykjavik.is/ordalistar-eydublod-og-fleira-hagnytt>

¹⁹ https://reykjavik.is/sites/default/files/svid_skjol/SFS/baeklingar/fjolmenning/Tvityngd_born_enska.pdf

²⁰ <http://information.leikskolar.is/docs/clothes/english.pdf>

²¹ <https://reykjavik.is/allir-med/samstarf-vid-foreldra>

²² http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/allir_med/tvityngis-samskiptabækur_0.pdf

²³ https://www.ryerson.ca/mylanguage/hold_on/

hægt er að auka líkur á góðu samstarfi við foreldra sem ekki nota íslensku í samskiptum. Mjög mikið er til af upplýsingum og oft er erfitt að gera þær nægilega aðgengilegar þannig að ekki taki of mikinn tíma fyrir kennara og starfsfólk að leita að þeim. Lögð er áhersla á að starfsstaðir SFS komi sér upp góðum gagnagrunni með þeim upplýsingum sem nauðsynlegt er að miðla til foreldra annaðhvort í móttöku og aðlögun eða þegar lengra er komið.

Fjölmenningatrymi SFS telur hinsvegar mikilvægt að bæta aðgengi almennt að upplýsingum á erlendum tungumálum fyrir innflytjendur um ýmislegt er varðar skóla- og frístundastarf. Hagræðing væri að því að opinber stjórnvöld kæmu upp einni gátt fyrir slíkar upplýsingar sem öll sveitarfélög á landinu gætu nýtt til að miðla nauðsynlegum upplýsingum um íslenskt leikskóla, grunnskóla og frístundastarf.

Upplýsingar vegna Tónlistarskóla í Reykjavík og skólahljómsveita er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar á ensku.²⁴ Tónlistarskólarnir eru sjálfstæðir aðilar sem Reykjavíkurborg niðurgreiðir með. Skráning fer fram á vef borgarinnar, rafraen.reykjavik.is. Tilkynningar um innritun eru sendar á íslensku, ensku og pólsku vegna bæði tónlistarskóla og skólahljómsveita. Umsóknir eru á sömu tungumálum en þó þarf að bæta það umhverfi og er það í vinnslu.

Kynningarefni vegna starfsemi Námsflokka Reykjavíkur er einungis á íslensku. Algengast er að samið sé um þjónustu fyrir hópa einstaklinga. Einnig geta einstaklingar sótt um þjónustuna, annað hvort rafrænt eða með því að mæta á staðinn. Erlendir nemendur eru hluti þeirra sem nýta þjónustu Námsflokka Reykjavíkur og er þar jöfnum höndum töluð íslenska og enska.

3.

Meginreglan er sú að starfsmenn sem eiga í samskiptum við erlenda aðila hvort heldur sem er með tölvupósti eða símleiðis veita svör á ensku og eftir atvikum öðrum tungumálum sem starfsmenn eru mældir á. Að öðru leyti er vísað í svari við lið 4.

Þá hefur komið fyrir að starfsmenn geta ekki átt í samskiptum við einstaklinga þar sem sameiginlegu tungumáli er ekki fyrir að fara. Í slíkum tilvikum er einstaklingum vísað á þjónustu þjónustumiðstöðvar sem hefur milligöngu um að útvega túlk. Frekari upplýsingar um þá þjónustu er að finna hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem rekur þjónustumiðstöðvar borgarinnar.

Tölulegar upplýsingar um fjölda tilvika á árinu 2017 þar sem sviðið hefur orðið við eða synjað beiðni um túlk eða þýðingar liggja ekki fyrir.

4.

Meðfylgjandi eru bréf sem send eru út á íslensku, ensku og pólsku.

Um er að ræða i) tilkynningu um uppsögn á dvalarsamningi vegna leikskóla (fylgiskjal 3), ii) ítrekun á uppsögn á dvalarsamningi vegna leikskóla (fylgiskjal 4) og iii) tilkynningu um opnun fyrir ráðstafanir af frístundakortum (fylgiskjal 5).

Bréf i) og ii) eru send beint úr upplýsingakerfi leikskólanna, Völu, til þeirra sem þau eiga erindi til. Bréf iii) er sent frá skóla- og frístundasviði til allra forstöðumanna frístundaheimila sem svo áframsenda á alla foreldra barna á frístundaheimilum.

Um er að ræða bréf sem hafa verið í notkun frá því í janúar 2018. Skóla – og frístundasvið vinnur að því að að þýða bréf vegna tilkynningar um uppsögn á frístundaþjónustu, tilkynningar um boð um flutning milli leikskóla og tilkynningar um boð um leikskólalátt. Stefnt er að því að þau bréf fari út á íslensku, ensku og pólsku.

²⁴ <https://reykjavik.is/en/music-lessons>


Ýmiss konar upplýsingagjöf er send sjálfkrafa út úr kerfum á íslensku, þ.á.m. eru staðfestingar á móttöku umsókna um vistun, boð um vistun, breyting á vistun, staðfesting á umsóknum um afslætti, samþykktir eða höfnun á umsóknum um afslætti o.m.fl.

5.

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur ekki lokið máli formlega á öðru tungumáli en íslensku á liðnum mánuðum.

Skóla- og frístundasvið vill taka fram að fyrirspurn umboðsmanns Alþingis er afar umfangsmikil og hefur verið reynt eftir fremsta megni að afla upplýsinga sem óskað var. Þar sem ekki er fyrirliggjandi yfirlit yfir umbeðnar upplýsingar er gerður fyrirvari um að einhverra upplýsinga sé ekki getið þrátt fyrir að vera fyrirliggjandi. Ef óskað er nánari skýringa eða gagna verður fúslega orðið við þeirri beiðni.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Meðfylgjandi fylgiskjöl;

- fskj. 1, Miðja máls og læsis, ráðgjöf fyrir foreldra barna vegna skóla- og frístundastarfs
- fskj. 2, Velkomin í grunnskólann og á frístundaheimli
- fskj. 3, Uppsögn á vistunarsamningi
- fskj. 4, Ítrekun á uppsögn á vistunarsamningi
- fskj. 5, Skilaboð til foreldra – Ráðstöfun frístundastyrks
- fskj. 6, Erindi umboðsmanns Alþingis, dags. 15. janúar 2018

Ráðgjöf fyrir foreldra barna vegna skóla- og frístundastarfs

(íslenska)

Á föstudögum kl. 10:00-13:00, verður boðið upp á ráðgjöf vegna skóla- og frístundastarfs í Reykjavíkurborg fyrir foreldra af erlendum uppruna. Ráðgjöfin fer fram á filippseysku, pólsku, íslensku og ensku.

Ráðgjöfin snýr að helstu verkefnum foreldra varðandi leik- og grunnskólagöngu t.d. hvernig á að sækja um leikskóla, grunnskóla eða frístundaheimili, hvað þarf að gera þegar börn skipta um skóla og hvernig á að sækja um frístundastyrki eða aðra afslætti. Þá geta foreldrar fengið upplýsingar og ráðgjöf varðandi máluppeldi, læsi, nám barna, hlutverk og ábyrgð skólaforeldra og samskipti við skóla. Einnig geta foreldrar fengið leiðbeiningar um að leita frekari þjónustu fyrir börn sín innan skóla eða þjónustumiðstöðva í hverfum borgarinnar.

Ráðgjöfin er foreldrum að kostnaðarlausu. Hægt er að hringja, senda tölvupóst eða koma í Háaleitisskóla, stofu 202. Hvassaleiti v/Stóragerði, 108 Reykjavík. Þeir sem óska eftir að koma og hitta ráðgjafa í Háaleitisskóla þurfa að panta viðtal með því að senda tölvupóst eða hringja.

Magdalena Elísabet Andrésdóttir

Brúarsmiður – tungumálaleiðbeinandi

Language and cross-cultural facilitator for Education and Youth

magdalena.elisabet.andresdottir@reykjavik.is GSM: 6934651**Kriselle Lou Suson Jónsdóttir**

Brúarsmiður/móðurmálskennari

Language and cross-cultural facilitator

kriselle@reykjavik.is GSM: 7700469

(Polski / pólska)

W każdą piątek od godziny 10:00 do 13:00, zapraszam na polskojęzyczne porady w szkole Háaleitisskóli, stofa 202 Hvassaleiti v/Stóragerði, 108 Reykjavík. Porady dotyczą edukacji i informacji o szkole oraz przedszkolu, n.p.: jak ubiegać się o miejsce lub zmianę przedszkola, zapisy do szkoły podstawowej, jak uzyskać dotację dla rodzeństwa itp., informacje o karcie rekreacyjnej oraz o zajęciach rekreacyjnych, gdzie szukać indywidualnych zajęć dla dzieci, informacje na temat gdzie szukać pomocy w innych sprawach. Projekt rozpocznie się 15 września 2017. Porady są bezpłatne. Każdy, kto chce skorzystać z usług musi się najpierw zapisać się poprzez e-mail:

magdalena.elisabet.andresdottir@reykjavik.is lub telefonicznie +354-6934651.

W e-mailu proszę podać godzinę i datę (tylko w piątek).

(English / enska)

**Reykjavíkurborg**
Skóla- og frístundasvið

Counselling services for immigrant parents on issues concerning their children's schools and leisure centres in Reykjavík will now be available every Friday from 10:00 am to 1:00 pm. This service is offered in Icelandic, Polish, English and Filipino.

The counselling focuses on the duties and responsibilities of parents regarding their children's schooling. For instance, how to apply for a preschool, compulsory school or leisure centre, what should be done when transferring the child to another school, how to use the leisure card or other discounts. Parents can also get information and advice about their children's language upbringing, literacy, overall education as well as obligations as school parents, and cooperation with schools. Additionally, parents can get instructions about further assistance within their children's schools and at Service Centres in the city.

